

Ed.

847. Tillaga til þingsályktunar

[237. mál]

um endurskoðun laga um orlof húsmæðra.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í sumar endurskoðun á gildandi lögum um orlof húsmæðra. Endurskoðun þessi skal stefna að því, að húsmæðrum almennt, einkum þó hinum efnaminni, verði í ríkari mæli en nú er tryggt árlegt orlof, eftir því sem aðstæður frekast leyfa.

Greinargerð.

Þau lög um orlof húsmæðra, sem nú eru í gildi, eru nr. 45 frá 9. júní 1960. Með þeim er stefnt að því, að allar þær konur, er veita heimili forstöðu, njóti orlofs og eigi kost á orlofsfé í því skyni. Kemur það úr orlofssjóði, en til hans rennur fé úr ríkissjóði (10 krónur fyrir hverja húsmóður í landinu), frá sveitarfélögum, kvenfélögum í landinu og með frjálsum framlögum. Landinu er skipt í 40 orlofs-svæði.

Þótt ljóst sé, að lög þau, sem hér er lagt til að endurskoðuð verði, hafi verið hið þarfasta nýmæli á sínum tíma, blasir nú við nauðsyn þess, að þau verði færð til samræmis við nýja og breytta tíma. Eins og áður segir, er með lögum stefnt að því, að allar húsmæður njóti árlegs orlofs. En þau hafa ekki náð þeim tilgangi sínum. Á síðasta ári nutu a. m. k. 1088 húsmæður orlofs skv. lögum. Augljóst má vera, að tryggja hefði þurft miklu fleiri húsmæðrum orlof, ekki sízt hinum efnaminni. Sem dæmi þess, hve skammt lög þessi ná í rauninni, má benda á, að á síðasta ári nutu aðeins 230 húsmæður í Reykjavík orlofs á grundvelli laganna, 4 húsmæður á Akureyri, 8 húsmæður á Ísafirði, 48 húsmæður á Austfjörðum, 27 húsmæður á Akranesi. Þessi dæmi eru tekin af handahófi, en eftir því sem flutningsmaður fær bezt séð, virðist mjög misjafnlega stór hundraðshluti húsmæðra í hinum ýmsu byggðarlögum njóta orlofs á grundvelli þessara laga.

Þær konur, sem vinna ekki utan heimilis með húsmóðurstörfum, hafa sýnilega lítinn eða jafnvel engan sjálfstæðan fjárhagsgrundvöll til orlofs, enda munu fæstar aðrar en þær, sem vel eru efnu búnar, geta veitt sér raunverulegt (hvíldar-)orlof árum saman, þótt heimilisföðurnum sé hins vegar tryggt árlegt orlof með lögum. Þetta ástand er eigi viðunandi lengur, sízt af öllu fyrir hinar efnaminni húsmæður, sem vegna efnaleysis og erfiðra aðstæðna þarfnast í rauninni miklu fremur árlegs orlofs en hinar, sem betur eru settar efnalega. Það er löggjafans að tryggja a. m. k. þeim það, minna má ekki gagn gera. En eðlilegast og réttast er þó vitaskuld að gera hlut allra húsmæðra jafnan í þessum efnu og tryggja það með lögum. Yrði þá húsmæðrum almennt tryggt nokkurt orlofsfé árlega og þeim jafnframt gefinn kostur á að velja milli ýmissa (hvíldar-)orlofsleiða.

Er þessi tillaga til þingsályktunar kemur fram, er eigi langt til þingloka. Er því eigi víst, að hún fái þinglega afgreiðslu. Engu að síður er hún lögð fram til að minna á það nauðsynja- og réttindamál, sem hér er um að ræða. Nýlega er fram komin tillaga til þingsályktunar um vetrarorlof, er fimm alþingismenn standa að. Þá er og vitað, að endurskoðun gildandi laga um orlof, nr. 16 frá 26. febr. 1943, hefur staðið yfir nú um 4—5 ára skeið, að því er flutningsmanni hefur skilizt. Allt þetta kveikir þá hugmynd, hvort eigi sé rétt, að sett verði hið fyrsta heildarlöggjöf um orlof karla og kvenna. Er sú hugmynd hér með sett fram.